

Nd.

611. Nefndarálit

[191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er stjórnarfrv., og er efni þess það, að hækka skuli útlánsvexti Ræktunarsjóðs úr 2½% í 4%.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar, sem leggur til, að frv. verði samþykkt.

Land okkar er víðlent og lítt ræktað, og eitt af alvarlegustu vandamálum íslensks þjóðlífs um þessar mundir er fólksfækkun í sveitunum.

Ræktunarsjóði er ætlað það hlutverk að veita lán til ræktunar landsins með góðum kjörum. Lögín um hann voru samin og sett fyrir atbeina nýsköpunarstjórnarinnar, og með tilstyrk þessara laga hefur komizt skriður á í ræktunarmálum.

Ég tel, að hækkun útlánsvaxta sjóðsins sé mjög óheillavænleg ráðstöfun og muni draga úr ræktunarframkvæmdum og þrengja kost þess fólks, sem í þær leggur, en það stuðlar enn að flutningi fólks úr sveitunum. Það er þar á móti brýn nauðsyn að leita ráða til að efla sjóðinn án þess að færa lánakjör hans til óhagræðis lántakendum, en frv. ber það á engan hátt með sér, að fyrir því sé neinn áhugi hjá ríkisstjórninni.

Það áform ríkisstjórnarinnar að hækka vexti sjóðsins tel ég að Alþingi eigi að stöðva og legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. apríl 1955.

Karl Guðjónsson.